

Mál nr. 407/2017

M
og**V vegna ábyrgðartryggingar atvinnureksturs A
Ágreiningur um bótaskyldu. Ábyrgðartrygging.****Gögn.**

Málskot, dags. 01.09.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags.04.01.2018 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M sem var starfsmaður I var að vinna við þrif á handflökunarlínu þegar vélin fór af stað og dreif eitt færibandið af stað með þeim afleiðingum að tannhjól í vélinni læstu sig í bakið á stakk og peysu sem hann var í og drógu hann inn í vinnslulínuna þar sem hann klemmdist á ofanverðum líkamanum inni í vélinni. Samstarfsmaður M kom svo að og stöðvaði vélina. M hlaut margvíslega áverka, meðal annars á mjóbaki og vinstri síðu, tagnaði á öxl, brjósthyrð, lendahrygg, fékk mar á brjóstakassa, eymsli í maga, mar og bólgu á baki vinstra megin og mjúkáverka undir húð aftan við hryggjarliði.

M telur A bera ábyrgð á slysinu sökum skorts á viðeigandi öryggisráðstöfunum til þess að koma í veg fyrir slys. A hafi átt að gæta að því að hægt væri að þrifa vélina án þess að hún færi í gang. Einnig hafi A átt að tryggja að hægt væri að sinna þrifum á tækinu án þess að hlífar eða annar búnaður til verndar væri fjarlægður. Þá hafi áhættumat A og I ekki tekið nægjanlega á öryggi verkþátta við þrif. Einnig kemur fram hjá M að hann hafi slegið vélinni út, að neyðarrofi hafi ekki virkað þegar samstarfsmaðurinn hafi reynt að ýta á hann og hafi hann þurft að toga í sérstakan glæran og þunnan spotta sem var staðsettur fyrir ofan vélina til að stöðva vélina.

V hafnar bótaskyldu og kemur fram í bréfi V að M hafi slegið vélinni út áður en hann hófst handa við þrifin. Samstarfsaðili M hafi samkvæmt lögregluskýrslu ýtt á neyðarhnapp og stöðvað mótór vélarinnar. V telur að slysið megi fyrst og fremst rekja til aðgæsluleysis M þar sem hann hafi ekki gætt þess að taka strauminn af vélinni áður en hann tók til við að þrifa hana og að auki farið inn í vélina. Megi rekja þessa háttsemi M til kunnáttuleysis hans eða skorts á þjálfun eða verkstjórn við þetta tiltekna verk og á því geti A ekki borið ábyrgð. Félagið telur því ekki sýnt fram á sök A, ófullnægjandi aðstæðna né annarra atvika sem hann beri skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Í málinu er ósamræmi milli málsatvikalýsingar í lögregluskýrslu og lýsingu á slysinu í málskotinu. Leggja verður til grundvallar þá lýsingu á tildrögum slyssins sem koma fram í upphaflegum gögnum, þ.e. lögregluskýrslu. Þar kemur fram að M hafi togað í band sem hangir úr loftinu til að stöðva færibandið og verið að þrifa undir handflökunarlíkunni þegar mótórinn sem drífur færiböndin hafi allt í einu farið af stað. Einnig kemur þar fram hjá M að vinnufélagi hans hafi komið og ýtt á neyðarhnappinn og stöðvað þannig mótórinn. Vinnufélaginn bar því sama við í skýrslunni. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins kemur fram að óvarið tannhjól hafi verið í gangi þegar slysið átti sér stað, er þrif voru framkvæmd og að áhættumat I hafi ekki tekið nægjanlega á öryggi verkþátt við þrif. Fyrir liggur að samningur er á milli A og I um að I taki að sér framkvæmd á þrifum í vinnslusölum A. Í samningnum kemur einnig fram að I sjái um alla kennslu og leiðbeiningar til starfsmanna sinna. Miðað við gögn málsins, það ósamræmi sem kemur fram í atvikalýsingu verður að telja að M hafi sýnt af sér aðgæsluleysi sem rekja megi til kunnáttuleysis hans eða skorti á kennslu og leiðbeiningum af hálfu I og þykir því ekki sannað að A beri sök á slysi M. Með vísan til framangreinds á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 30. janúar 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.